



# Umhverfissáttmáli Árskógarskóla



Við berum virðingu fyrir umhverfi okkar og verndum náttúruna og allt líf sem í henni býr. Við lærum á náttúruna í okkar nánasta umhverfi og njótum þess að vera hluti af henni. Við göngum vel um, verndum og hvetjum aðra til þess að gera slíkt hið sama. Við temjum okkur hófsemi og gætum þess að allt sem frá okkur fellur sem sorp sé endurnýtt eins og kostur er en hafi að öðru leyti sem minnst skaðleg áhrif. Við leggjum okkur fram við að skilja vel við náttúruna svo næstu kynslóðir geti notið þess að umgangast hana.



## Leiðir skólans til að uppfylla sáttmálann eru meðal annars þessar:

- ✓ við  flokkum  rusl og  sendum til  endurvinnslu
- ✓ við  endurvinnum og  endurnýtum það sem við getum notað
- ✓ við drögum úr notkun  rafmagns
- ✓ við látum ekki  vatn renna að óþörfu
- ✓ við gætum að  hitastillingum á  ofnum

- ✓ við hvetjum til að drepið sé á 

kyrrstæðum bílum

- ✓ við nýtum nánasta  umhverfi og  efnivið náttúrunnar í leik, námi og kennslu

- ✓ við lærum um staðhætti og  söguminjar í nágrenni  skólans

- ✓ við virðum  gróðurinn í umhverfinu og  plöntum trjám





✓ við ræktum  grænmeti og  matjurtir

✓ við hugsun vel um umhverfið okkar til dæmis með skipulegri  ruslahreinsun

✓ við höfum öll tækifæri til að koma hugmyndum um umhverfismál á framfæri



